

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 20

3. árgangur

9.5.1996

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/20/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.700 - Emerson/Caterpillar).....	01
96/EES/20/02	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.714 - Preussag/ELCO Looser).....	02
96/EES/20/03	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	02

3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.700 - Emerson/Caterpillar)

96/EES/20/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Emerson Electric Co. og Caterpillar Inc. öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir dótturfyrirtækinu F.G. Wilson (Engineering) Limited (FWG), sem er að öllu leyti í eigu Emersons, í gegnum eignarhaldsfélag sem er skráð í Delaware, Bandaríkjunum. Í kjölfarið flytur Emerson dótturfyrirtæki sitt til eignarhaldsfélagsins og Caterpillar tekur yfir eignarhluta í sama fyrirtæki og mynda þau þannig fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Caterpillar starfar á þremur eftirfarandi megin sviðum sem taka til:
    - hönnunar, framleiðslu og markaðssetningar á byggingar-, námu- og landbúnaðarvélum,
    - hönnunar, framleiðslu og markaðssetningar á vélum,
    - fjármálaþjónustu.
  - Emerson annast vöruframleiðslu á tveimur eftirfarandi megin sviðum sem taka til:
    - framleiðslu á íhlutum og kerfum til notkunar í iðnaðarstarfsemi, svo sem vélum til notkunar við framleiðslustörf og í þungaiðnaði,
    - framleiðslu á búnaði og íhlutum sem eru notaðir í byggingarvinnu, svo sem vélum með fáum hestöflum og íhlutum og tækjum fyrir upphitunar-, loftkælingar- og loftræstibúnað.
  - F.G. Wilson annast framleiðslu á dísilrafölum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 130, 3. 5. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.700 - Emerson/Caterpillar, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.714 - Preussag/ELCO Looser)

96/EES/20/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírformi á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafrænu formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0699. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP OP/4  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 49928 / +352 42563  
Bréfasími: +352 407877

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/20/03

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(2)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(3)</sup>
96-0076-B	Tæknileg samþykkisforskrift fyrir notendabúnað sem er ætlaður til tengingar við belgíska ISDN-netið fyrir pakkaflutningaþjónustu á D-rás (BRA) (BE/SP-325, útgáfa frá 1. 2. 1996)	16.7.1996
96-0087-S	Fyrirmæli um reglugerðir um endingu á útblásturs-súkerfum í þungaflutningabifreiðum	24.6.1996
96-0088-D	Framleiðslutilskipun, febrúardrög 1996 - Tilskipun um stálframleiðslu og framleiðslu á byggingarvörum úr stáli	24.6.1996
96-0089-F	Fyrirmæli um hvernig útbúa skuli frönsk kennivottorð og vegabréf með passamynd	19.6.1996
96-0090-F	Búnaður fyrir vinnslu er tengist símaupphringingum og talsímaþælingum	19.6.1996
96-0091-I	Reglugerð um tæknilega eiginleika á radarendurvarps-mælum sem eingöngu eru ætlaðir til notkunar um borð í skemmtibátum	20.6.1996
96-0092-I	Reglugerð um eiginleika fljótandi (sem hægt er að blása upp) búnaðar sem eingöngu er ætlaður til notkunar um borð í skemmtibátum	20.6.1996

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(3)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
96-0093-NL	Fyrirmæli um reglur varðandi tannlæknastörf, breyting á fyrirmælunum um stofnsetningu og leyfisveitingu með hliðsjón af umhverfisvernd og afturköllun á fyrirmælunum um losun efna - Lög um mengun yfirborðsvatns - Tannlæknastörf (fyrirmæli um tannlæknastörf með hliðsjón af umhverfisvernd) ásamt tveimur tengdum ráðherrafyrirmælum um prófunaraðferðir fyrir amalgamskilja og um amalgamskilja sem notaðir eru við tannlæknastörf í umhverfisverndarskyni	27.6.1996
96-0094-S	Fyrirmæli frá sænsku siglingamálastjórninni sem hafa að geyma reglur um innfellingu á breytingum frá 1994 á alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SJOEFS 1996:4)	27.6.1996
96-0095-NL	Lög um breytingu á húsnæðislögum hvað varðar leiðbeiningar og orkusparandi aðgerðir	27.6.1996
96-0096-A	Kröfur um smíði svifdreka	28.6.1996
96-0097-A	FTV 477 - fjarskiptareglugerð um gervihnattaradíóbúnað fyrir móttöku á gagnamerkjum á tíðnisviðinu 11/12 GHz (11/12 GHz RO-VSAT radíóbúnaður)	27.6.1996
96-0098-A	FTV 478 - fjarskiptareglugerð um gervihnattaradíóbúnað fyrir móttöku á sjónvarps- og útvarpsdagskrám á tíðnisviðinu 14/12 GHz (TVRO-FSS radíóbúnaður)	27.6.1996
96-0099-A	FTV 479 - fjarskiptareglugerð um gervihnattaradíóbúnað fyrir móttöku á sjónvarps- og útvarpsdagskrám á tíðnisviðinu 11/12 GHz (TVRO-BSS radíóbúnaður)	27.6.1996
96-0100-DK	Fyrirmæli um geymslu á klórati og perklórati	26.6.1996
96-0101-DK	Fyrirmæli um geymslu á föstum efnum sem innihalda ammóníumnítrat og efni með hátt köfnunarefnisinnihald	26.6.1996
96-0102-DK	Fyrirmæli um ákveðnar tegundir af nítrósellulósa	26.6.1996
96-0103-DK	Fyrirmæli um uppsetningu og starfsemi tiltekins radíóbúnaðar	26.6.1996
96-0104-DK	Fyrirmæli um uppsetningu og starfsemi radíóbúnaðar fyrir radíóþjónustuna á sjó og í lofti	26.6.1996
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.